

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 141/1997. **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**
gegn**Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni**

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Hald. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. mars 1997, þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um, að felld yrði niður hald, sem sóknaraðili lagði á peninga og ávísun í vörslum varnaraðila, samtals að fjárhæð 53.500 krónur, við handtöku hans 16. mars 1997 fyrir ætlað fíkniefnamisferli. Um kæruheimild vísar varnaraðili til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að umræddri haldlagningu verði hnekk.

Sóknaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á dómþingi 21. mars 1997 að viðstöddum skipuðum verjanda varnaraðila. Samkvæmt áritun héraðsdóms á bréfi verjandans um kæru svo og bréfi dómsins til Hæstaréttar 26. mars 1997 barst kærán 25. sama mánaðar. Var þá liðinn frestur samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 til að lýsa yfir kæru úrskurðarins. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
